

Fundargerð 177 fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 21. september kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Agnar Ólason, Helgi Már Sigurgeirsson, Símon Guðvarður Jónsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Valbjörn Jón Höskuldsson.

Fjarfundur: Tinna Magnúsdóttir

Fjarverandi: Pétur Freyr Jónsson og Einar Sveinn Kristjánsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 176

Fundargerð samþykkt og undirrituð, einnig var fundargerð 175 undirrituð.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður þakkar þeim sem eru fljótir að svara með mætingu á fund en biður hina um að bæta sig.

Á síðasta stjórnarfundum sagði formaður frá nýundirrituðum kjarasamningi við Faxaflóahafnir. Samningurinn var kynntur daginn eftir og kosning fór af stað. Samningurinn var samþykktur með 93% atkvæða, 29 af 38 greiddu atkvæði.

Við byrjuðum að funda með SA þann 5. sept. Byrjað var á að raða upp verkáætlun sem snýr að þeim málum sem ekki var klárað í síðustu samningum eins og vinnutíma, veikindarétt, fræðslumál ofl. Búið að funda þrisvar og erum við enn að ræða vaktavinnukaflann.

13. sept. síðastliðinn funduðu samninganefndir félaganna fjögurra hjá Húsi fagfélaganna, RSÍ, VM, Matvís og Byggið. Fundurinn var fyrsti sameiginlegi fundur samninganefndanna vegna þeirra kjaraviðræðna sem fram undan eru. Kjarasamningar við SA verða lausir 1. febrúar 2024. Um 40 manns sátu fundinn. Tilgangur fundarins var að hefja undirbúning með formlegum hætti og þetta raðir iðnaðarfólks fyrir þær viðræður sem fram undan eru. Þetta voru fínar umræður en ekki allir sammála um verðbólguna, sumir töldu hana ekki koma okkur við.

Vinnustaðaaðæftirlit, Samstarf við Eflingu. Mirabela Blaga hefur hafið störf og mun hún sinna vinnustaðaaftirliti fyrir fagfélögin og Eflingu og hefur starfstöð héra í húsinu. Mirabela er frá Rúmeníu, er lögfræðingur að mennt og hefur búið á Íslandi frá árinu 2006. Undanfarið hefur hún starfað sem sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun.

30. ágúst kynnti Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra lokaniðurstöður starfshópa Auðlindarinnar okkar. Á sama tíma var skýrsla Auðlindin okkar – sjálfbær sjávarútvegur gefin út. Þetta átti að vera skref í að skapa skilyrði til aukinna sáttar um sjávarútveg. Í verkefninu hefðu hagsmunir almennings verið settir í forgrunn. Það er skemmst frá að segja að það náðist ekki sátt innan hópsins. Svo var fundur með hópnum í gær og honum formlega slitið. Það sem eiginlega kom út úr þessu að það er að skapast samtal á milli félaganna í sjávarútvegi. Formaður benti á að það er alveg sama hvernig lög við setjum um þetta ef við

förum ekki eftir þeim. Nýtt frumvarp er væntanlegt og við erum að vakta það til að geta komið með svör á móti.

Euroskills, evrópumót iðn- verk- og tæknigreina fór fram í Póllandi dagana 5.-9. sept. Ísland átti þar ellefu unga keppendur úr jafn mörgum iðngreinum og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Núna er fagrað málmsins hjá Iðunni á sýningu í Hannover – við eigum tvo fulltrúa þar.

Formaður hvatti stjórnarmenn til að kynna sér námskeið IÐUNNAR.

Í gær útskrifuðust tvö hundruð og fjórtíu nýsveinar úr þrettán iðngreinum við hátíðlega athöfn á Hótel Nordica. 13 stálsmiðir útskrifuðust og 1 netagerðamaður.

Heldrimanna kaffi byrjar núna á fimmtudaginn og fyrsta bridge-mót vetrarins verður 5. okt næstkomandi hér í Húsi fagfélaganna.

Í gær var fundur hér í húsi með fulltrúaráði Birtu. Stjórnarformaður í Birtu er einn þeirra sem hefur stöðu grunaðs manns úr samráðsmáli Samskips/Eimskips. Lögin í Birtu eru þannig að það er ekki hægt að reka stjórnarmann. Fundurinn endaði þannig að farið var með áskorun á stjórnarfund í Birtu, sem er í dag, þar sem skorað er á hann að víkja á meðan að á rannsókn stendur.

3. Staða ASÍ

Fórum áðan yfir þetta ASÍ samflot sem er verið að reyna að koma á. Formaður sagði að hann hefði sagt það hér og innan ASÍ að það sé lang mikilvægast að ná niður verðbólgu.

4. VM – Ráðstefnur

Kjararáðstefnan nálgast. Guðmundur Kristjánsson ætlar að mæta, Kristján Þórður og Finnbjörn mæta líka og verið er að vinna í fleirum. Dagskráin kemur inn vonandi á mánudag eða þriðjudag. Við héldum líka ráðstefnu með trúnaðarmönnum orkugeirans, VM og RSÍ saman. Um 40 manns tóku þátt. Farið var yfir stöðuna og áherslur í kjaramálum. Eftir á að negla hvar menn vilja helst hafa áherslurnar. Sigurður Gunnar – þetta var mjög einsleitur hópur, þeir fá borgað fyrir það sem þeir vinna það þarf að ýta við orkufyrirtækjunum varðandi þá sem eru á föstum launum. Hjá hans vinnuveitanda er líka alltaf að vera ýta á menn að vinna heima og bjóða vaxtalaus lán til að kaupa stóla og skrifborð en ekki kostnað vegna húsnæðis. Sigurður Gunnar og Kristmundur spurðir um upplifunina af ráðstefnunni. Þeir voru sammála um að ráðstefnan hafi verið góð, rafvirkjarnir eiga ekki að vera á sömu launum og vélfræðingarnir. Rafvirkjar og Vélfræðingar eru ekki að fara af stað með sömu kröfur.

5. Málefni Helga Laxdal

Rætt var um svar við bréfi til Helga Laxdal.

6. Lagt fram til upplýsingar

Fjárhagsáætlun VM með 6 mánaða stöðu

Yfirlit frá bönkum fyrstu 8 mánuði ársins

7. Önnur mál

- Bent var á að samþykkt var á síðasta stjórnarfundum að fara úr Íslandsbanka hver er staðan á því? Guðmundur hefur talað við þá og þeir vilja hitta hann og svo stjórn áður en endanleg ákvörðun tekin
- Óskað var eftir að fá á næsta fundi útskýringu á kostnaðinum á sundlauginni á Laugarvatni.
- Bent var á að kostnaðurinn við að flytja úr Íslandsbanka á síðasta fundum hefði verið 36 milljónir en ekki 70 millj. 36 millj. er rétt tala.

- Þegar kjarakönnunin var send út í fyrra var þá ekki spurt hvort menn vildu fara í svona leigufélag eða ekki. Formaður man ekki niðurstöður en skoðar málið.
- Þarf VM ekki að greina mönnunarpörfin í sínum greinum og hvað er verið að útskrifa mikið af vélfræðingum. Hefur kerfið bolmagn til að þjóna þörfinni? Formaður sagði að samtök iðnaðarins hafa farið af stað með svona könnun og við þurfum jú að vita þetta en verðum að fara í þetta með öðrum því þetta er mikil vinna.

Fundi slitið kl. 13:32